



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 8. júní 2021
R20030113

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framtíðaruppbyggingu á umráðasvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs þann 12. mars 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hinn 23. janúar 2017 var með erindisbréfi skipaður starfshópur sem annast átti viðræður Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR) og framtíðaruppbyggingu á umráðasvæði félagsins. Meðal helstu verkefna skyldi vera undirbúningur nauðsynlegra deiliskipulagsbreytinga sem byggðar væru á hugmyndum KR um uppbyggingu á annars vegar íþróttamannvirkjum og hins vegar blandaðri byggð umhverfis íþróttasvæðið. Eins var hópnum falið að vinna drög að nýjum samstarfs- og styrkjasamningi milli KR og Reykjavíkurborgar. Hinn 15. desember 2017 undirrituðu borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, og formaður Knattspyrnufélagsins, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, viljayfirlýsingu um að sameiginlega yrði unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið samkvæmt fyrirliggjandi tillögum, sem þegar höfðu verið kynntar umhverfis- og skipulagsráði. Í kjölfarið yrði gengið frá samningi milli aðila um framkvæmdina þar sem fram kæmi áætlaður stofnkostnaður mannvirkja KR, forgangsröðun þeirra og útfærsla, virðisauki vegna aukins byggingaréttar, tímaáætlun fyrir verkefnið og leigusamningur við Reykjavíkurborg á viðkomandi mannvirkjum vegna hverfistengdrar þjónustu. Með hliðsjón af framanrituðu er kallað eftir upplýsingum um (a) stöðuna á deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið, (b) með hvaða hætti Reykjavíkurborg hyggst koma að stofnkostnaði mannvirkja á svæðinu og (c) hvaða tímaáætlun borgin vinnur eftir í kjölfar viljayfirlýsingar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13.03.2020.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Skipulagsfulltrúa er deiliskipulag fyrir svæðið í vinnslu, gert er ráð fyrir að drög að deiliskipulagstillögu liggi fyrir í haust.

Samkvæmt samkomulagi við KR undirritað 20. maí sl. mun Reykjavíkurborg fjármagna fjölnota íþróttahús á svæði KR, enda raðast sú framkvæmd ofarlega í forgangsröðun uppbyggingar íþróttamannvirkja í Reykjavík, sem borgarráð hefur samþykkt að verði lögð til hliðsjónar í fjárfestingaráætlun til ársins 2030. Íþróttahúsið verður eign Reykjavíkurborgar en gerður verður sérstakur þjónustusamningur um notkun hússins.

Samþykkt deiliskipulags fyrir svæði KR felur ekki í sér frekari fjárskuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar umfram það sem fram kemur hér að ofan. Reykjavíkurborg mun á hverjum tíma horfa til heildarforgangsröðunar og metinna þarfa fyrir íþróttamannvirki í borginni, sbr. samþykkt borgarráðs frá 4. september 2020.

KR verður heimilt að þróa og koma að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem samþykkt verður í ofangreindu deiliskipulagi. Félagið skuldbindur sig til að sá ábati sem kann að verða af uppbyggingu á svæðinu skuli renna til fjármögnunar á aðstöðu íþróttaiðkunar á starfssvæði KR.

Gert var ráð fyrir að eftir að nýtt deiliskipulag verður samþykkt verði gengið frá formlegum samningi milli Reykjavíkurborgar og KR um framkvæmdina þar sem fram komi áætlaður stofnkostnaður mannvirkja KR, forgangsröðun þeirra og frekari útfærsla, virðisauki vegna aukins byggingarréttar, tímaáætlun fyrir verkefnið og leigusamningur við Reykjavíkurborg á viðkomandi mannvirkjum vegna hverfistengdrar þjónustu. Sjá svar við a-lið um stöðuna á deiliskipulagsvinnu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari